

L Ö G

107

31. des.

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1200 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 600 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

108

31. des.

um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp,
sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Undanþegnir þessu ákvæði eru löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt l. nr. 19 frá 20. okt. 1905.

Setji löggiltur verzlunarstaður sér siðar sérstaka samþykkt, þá eru þau kaup-tún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar.

2. gr.

Sýslunefnd skal kjósa nefnd manna, er semur frumvarp að byggingarsamþykkt og leggur það síðan fyrir sýslunefnd til samþykktar.

Sýslunefndin kveður að því loknu til fulltrúafundar á því svæði, er samþykkt-inni er ætlað að ná til, og skal hver hreppsnefnd tilnefna 2 fulltrúa á fund-inn. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar til fundar og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefur áður samþykkt. Fallist fundurinn á frum-